

# **BARNAFJÖLSKYLDUR Á ÍSLANDI**

2026

**Niðurstöður spurningakönnunar meðal  
félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB**



Barnafjölskyldur á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB

Útgefandi: Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Höfundur: Kristín Heba Gísladóttir

Úrvinnsla tölfraðilegra gagna: Ásthildur Margrét Jóhannsdóttir og Sóllilja Bjarnadóttir

Guðrúnartún 1 105 Reykjavík

Sími: 535 5629

Netfang: [rannvinn@rannvinn.is](mailto:rannvinn@rannvinn.is)

Vefsíða Vörðu: [rannvinn.is](http://rannvinn.is)

ISBN númer: 978-9935-532-74-9

©Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2026

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Aðferð.....	2
2.1	Fyrirlögn .....	2
2.2	Svarhlutfall.....	2
2.3	Meðhöndlun gagna.....	2
2.4	Mælingar.....	3
2.1	Bakgrunnsbreytur.....	5
2.1.1	Barn í leik- og/eða grunnskóla.....	5
2.1.2	Kyn.....	5
2.1.3	Uppruni .....	5
2.1.4	Fjölskyldustaða .....	6
2.2	Úrvinnsla gagna .....	6
3	Niðurstöður.....	7
3.1	Samsetning.....	7
3.2	Staða á vinnumarkaði.....	8
3.1	Staða foreldra á húsnæðismarkaði .....	10
3.2	Fjárhagsstaða foreldra.....	11
3.3	Kostnaður vegna barna .....	13
3.4	Þjónusta sveitarfélaga .....	15
3.5	Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.....	17
3.6	Verkskipting milli foreldra .....	18
3.7	Andleg líðan foreldra .....	19
4	Viðauki .....	20
4.1	Lýðfræði barnafjölskyldna.....	20
4.2	Staða foreldra á vinnumarkaði .....	21
4.3	Tekjur.....	25
4.4	Staða barnafjölskyldna á húsnæðismarkaði .....	26
4.1	Fjárhagsstaða barnafjölskyldna.....	27
4.1.1	Auðvelt eða erfitt að ná endum saman.....	27
4.1.2	Geta mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum.....	28
4.1.3	Skortur á efnis- og félagslegum gæðum meðal barnafjölskyldna - samantekið .....	29

4.1.4	Byrði kostnaðar vegna barna .....	30
4.1.5	Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða fyrir grunnþætti fyrir börn .....	31
4.1.6	Auðvelt eða erfitt fjárhagslega að mæta þörfum barns út frá félagslegu samhengi..	32
4.2	Þjónusta sveitarfélaga .....	33
4.3	Samræming fjölskyldu og atvinnulífs .....	35
4.4	Verkskipting meðal sambúðarfólks .....	38
4.5	Andleg líðan.....	39
	Heimildarskrá.....	40

## Myndayfirlit

Mynd 1.	Aldurssamsetning foreldra. ....	7
Mynd 2.	Hlutfall mæðra og feðra í fullu starfi.....	8
Mynd 3.	Helsta ástæða þess að vera ekki í fullu starfi eftir hópum.....	9
Mynd 4.	Hlutfall foreldra í eigin húsnæði eftir hópum.....	10
Mynd 5.	Heildartekjur heimilis 999 þúsund eða lægri á mánuði eftir hópum.....	11
Mynd 6.	Hlutfall þeirra sem eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman eftir hópum.....	11
Mynd 7.	Hlutfall þeirra sem geta <b>ekki</b> mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir hópum.....	12
Mynd 8.	Hlutfall þeirra sem búa við skort eða verulegan skort á félags- og efnislegum gæðum eftir hópum.....	12
Mynd 9.	Hlutfall foreldra sem geta ekki greitt fyrir eins langan vistunartíma barna sinna í leikskóla eins og hentar eða leikskólagjöld eftir hópum.....	13
Mynd 10.	Hlutfall foreldra sem getur ekki greitt kostnað vegna skipulagðra tómsunda eftir hópum. ....	14
Mynd 11.	Hlutfall þeirra sem nota frístund og barnið byrjaði í frístund á sama tíma og skólaárið hófst.....	15
Mynd 12.	Hlutfall foreldra sem segja að börnin þeirra hafi verið send nokkrum sinnum eða oft heim vegna manneklu á síðastliðnum 12 mánuðum. ....	15
Mynd 13.	Sammála eða ósammála að þjónusta sveitarfélagsins styðji við barnafjölskyldur.....	16
Mynd 14.	Hlutfall mæðra og feðra sem eru mjög eða frekar sammála því að þau séu oft á þönum til og frá vinnu og að sækja börn. ....	17
Mynd 15.	Verkskipting meðal foreldra sem eru í sambúð. Hlutfall mæðra og feðra sem sinnir alltaf eða oftast umspurðum þáttum tengdum börnum. ....	18
Mynd 16.	Hlutfall foreldra sem mælast við slæma andlega heilsu eftir fjölskyldugerð.....	19

## Töfluyfirlit

<b>Tafla 1.</b> Fjöldi barna á heimili og skólastig.....	20
<b>Tafla 2.</b> Lýðfræðileg samsetning foreldra eftir kyni. ....	20
<b>Tafla 3.</b> Staða foreldra á vinnumarkaði eftir kyni. ....	21
<b>Tafla 4.</b> Staða foreldra á vinnumarkaði eftir uppruna. ....	22
<b>Tafla 5.</b> Staða foreldra á vinnumarkaði eftir fjölskyldustöðu. ....	23
<b>Tafla 6.</b> Helsta ástæða þess að vera í hlutastarfi eftir kyni.....	23
<b>Tafla 7.</b> Helsta ástæða þess að vera í hlutastarfi eftir uppruna. ....	24
<b>Tafla 8.</b> Helsta ástæða þess að vera í hlutastarfi eftir hjúskaparstöðu.....	24
<b>Tafla 9.</b> Heildartekjur barnafjölskyldna í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir kyni. ....	25
<b>Tafla 10.</b> Heildartekjur barnafjölskyldna í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir uppruna. ....	25
<b>Tafla 11.</b> Heildartekjur barnafjölskyldna í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir fjölskyldustöðu.....	25
<b>Tafla 12.</b> Staða foreldra á húsnæðismarkaði eftir kyni. ....	26
<b>Tafla 13.</b> Staða foreldra á húsnæðismarkaði eftir fjölskyldustöðu.....	26
<b>Tafla 14.</b> Staða foreldra á húsnæðismarkaði eftir uppruna. ....	26
<b>Tafla 15.</b> Auðvelt eða erfitt með að ná endum saman meðal foreldra eftir kyni. ....	27
<b>Tafla 16.</b> Auðvelt eða erfitt með að ná endum saman meðal foreldra eftir fjölskyldustöðu.....	27
<b>Tafla 17.</b> Auðvelt eða erfitt að ná endum saman meðal foreldra eftir uppruna. ....	27
<b>Tafla 18.</b> Geta mætt óvæntum 100.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar, meðal foreldra eftir kyni. ....	28
<b>Tafla 19.</b> Geta mætt óvæntum 100.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar, meðal foreldra eftir fjölskyldustöðu. ....	28
<b>Tafla 20.</b> Geta mætt óvæntum 100.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar, meðal foreldra eftir uppruna. ....	28
<b>Tafla 21.</b> Skortur á efnis- og félagslegum gæðum hjá barnafjölskyldum samantekið eftir kyni. ....	29
<b>Tafla 22.</b> Skortur á efnis- og félagslegum gæðum hjá barnafjölskyldum samantekið eftir fjölskyldustöðu.....	29
<b>Tafla 23.</b> Skortur á efnis- og félagslegum gæðum hjá barnafjölskyldum samantekið eftir uppruna. ....	29
<b>Tafla 24.</b> Auðvelt eða erfitt fyrir foreldra að standa straum af kostnaði vegna barna eftir kyni.. ....	30
<b>Tafla 25.</b> Auðvelt eða erfitt fyrir foreldra að standa straum af kostnaði vegna barna eftir fjölskyldustöðu.....	30
<b>Tafla 26.</b> Auðvelt eða erfitt fyrir foreldra að standa straum af kostnaði vegna barna eftir uppruna. ....	30
<b>Tafla 27.</b> Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir kyni. ....	31
<b>Tafla 28.</b> Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir fjölskyldustöðu.....	31

<b>Tafla 29.</b> Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir uppruna. ....	32
<b>Tafla 30.</b> Auðvelt eða erfitt fjárhagslega að mæta væntingum eða þörfum barns út frá félagslegu samhengi barnsins eftir kyni. ....	32
<b>Tafla 31.</b> Auðvelt eða erfitt fjárhagslega að mæta væntingum eða þörfum barns út frá félagslegu samhengi barnsins eftir fjölskyldustöðu. ....	32
<b>Tafla 32.</b> Auðvelt eða erfitt fjárhagslega að mæta væntingum eða þörfum barns út frá félagslegu samhengi barnsins eftir uppruna. ....	33
<b>Tafla 33.</b> Byrjaði barn í frístund á sama tíma og skólárið hófst. ....	33
<b>Tafla 34.</b> Hefur barn verið sent heim úr frístund vegna manneklu á síðastliðnum 12 mánuðum. ....	33
<b>Tafla 35.</b> Hefur barn verið sent heim úr leikskóla vegna manneklu á síðastliðnum 12 mánuðum. ....	33
<b>Tafla 36.</b> Hversu sammála eða ósammála að þjónusta sveitarfélagsins styðji við barnafjölskyldur eftir kyni. ....	33
<b>Tafla 37.</b> Hversu sammála eða ósammála að þjónusta sveitarfélagsins styðji við barnafjölskyldur eftir fjölskyldustöðu. ....	34
<b>Tafla 38.</b> Hversu sammála eða ósammála að þjónusta sveitarfélagsins styðji við barnafjölskyldur eftir uppruna. ....	34
<b>Tafla 39.</b> Sammála eða ósammála. Mér finnst ég oft vera sein/n/t eða á þönum í og úr vinnu og að sækja barn/börn eftir kyni. ....	35
<b>Tafla 40.</b> Sammála eða ósammála. Mér finnst ég oft vera sein/n/t eða á þönum í og úr vinnu og að sækja barn/börn eftir fjölskyldustöðu. ....	35
<b>Tafla 41.</b> Sammála eða ósammála. Mér finnst ég oft vera sein/n/t eða á þönum í og úr vinnu og að sækja barn/börn eftir uppruna. ....	35
<b>Tafla 42.</b> Sammála eða ósammála. Heilt yfir gengur mér vel að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir kyni. ....	35
<b>Tafla 43.</b> Sammála eða ósammála. Heilt yfir gengur mér vel að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir fjölskyldustöðu. ....	36
<b>Tafla 44.</b> Sammála eða ósammála. Heilt yfir gengur mér vel að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir uppruna. ....	36
<b>Tafla 45.</b> Hef notað einhverja af eftirtöldum leiðum fyrir grunnskólabarn yfir sumarmánuðina eftir kyni. ....	36
<b>Tafla 46.</b> Hef notað einhverja af eftirtöldum leiðum fyrir grunnskólabarn yfir sumarmánuðina eftir fjölskyldustöðu. ....	36
<b>Tafla 47.</b> Hef notað einhverja af eftirtöldum leiðum fyrir grunnskólabarn yfir sumarmánuðina eftir uppruna. ....	37
<b>Tafla 48.</b> Hver sér að jafnaði um eftirtalin verkefni: Sækja og skutla barni í og úr skóla eða tómstundum meðal sambúðarfólks með barn/börn á leik- eða grunnskólaaldri eftir kyni. ....	38
<b>Tafla 49.</b> Hver sér að jafnaði um eftirtalin verkefni: Vera heima með barn/börn á starfsdegi eða í skólafríi meðal sambúðarfólks með barn/börn á leik- eða grunnskólaaldri eftir kyni. ....	38
<b>Tafla 50.</b> Hver sér að jafnaði um eftirtalin verkefni: Vera heima með barn/börn í veikindum meðal sambúðarfólks með barn/börn á leik- eða grunnskólaaldri eftir kyni. ....	38
<b>Tafla 51.</b> Stig á heildarkvarða PHQ-9 meðal barnafólks eftir kyni. ....	39

<b>Tafla 52.</b> Stig á heildarkvarða PHQ-9 meðal barnafólks eftir uppruna. ....	39
<b>Tafla 53.</b> Stig á heildarkvarða PHQ-9 meðal barnafólks eftir fjölskyldustöðu.....	39

# 1 Inngangur

Varða-Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins hefur frá stofnun lagt árlega fyrir könnun meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB en það hluti af markmiðum stofnunarinnar er að rannsaka lífsskilyrði launafólks á Íslandi og gera grein fyrir stöðu þeirra.

Markmið þessa könnunar er að varpa ljósi á stöðu foreldra innan ASÍ og BSRB. Í skýrslunni eru svör foreldra sem eru með börn í leik- og grunnskóla greind sérstaklega og fjallað um stöðu þeirra á vinnumarkaði og húsnæðismarkaði. Einnig fjárhagsstöðu og viðhorf þeirra til þjónustu sveitarfélaganna, ljósi varpað á hvernig foreldrum gengur að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og hvernig verkskiptingu sambúðarfólks er háttað varðandi umönnun barna. Loks er greint frá andlegri líðan foreldra. Niðurstöðurnar eru brotnar niður eftir kyni, fjölskyldustöðu og uppruna. Ítarlegri töflur og greiningar eru aðgengilegar í viðauka.



## 2 Aðferð

Rannsóknin byggir á gögnum sem aflað var í spurningakönnun meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB og var markmið könnunarinnar að rannsaka fjárhagsstöðu þess ásamt stöðu á húsnæðismarkaði sem og andlega- og líkamlega heilsu.

### 2.1 Fyrirlögn

Könnunin var send út með milligöngu þjónustufyrirtækja stéttarfélaganna. Þjónustufyrirtækin sendu upplýsingar um könnunina og eina ítrekun til félagsfólks, sem hafði greitt að minnsta kosti eitt iðgjald síðastliðna sex mánuði, og voru með skráð netfang og/eða símanúmer í félagatali aðildarfélaganna. Alls sáu þjónustufyrirtækin um útsendingu könnunarinnar til félagsfólks í 39 aðildarfélögum heildarsamtakanna tveggja. Fjögur aðildarfélög sendu sjálf upplýsingar um könnunina til félagsfólks síns með sömu skilyrðum. Könnunin var því lögð fyrir félagsfólk í 43 aðildarfélögum heildarsamtakanna. Innan þeirra 43 aðildarfélaga sem tóku þátt eru alls 143.724 félagar. Innan heildarsamtakanna tveggja voru 18 aðildarfélög sem ekki tóku þátt í könnuninni og eru félagar þeirra alls 10.679 félagar. Könnunin og upplýsingar um könnunina voru á íslensku, ensku og pólsku. Könnunin var rafræn og opin frá 13. júní 2025 til 3. júlí 2025.

### 2.2 Svarhlutfall

Innan heildarsamtakanna tveggja eru 154.403 félagar í 61 aðildarfélagi (19 féлага innan BSRB og 42 innan ASÍ). Könnunin var ætluð félagsfólk í 43 aðildarfélögum ASÍ og BSRB sem höfðu greitt að minnsta kosti eitt iðgjald síðastliðna sex mánuði og voru með netfang eða símanúmer skráð í félagatali stéttarfélagsins, alls 141.165 félagar. Af þeim svöruðu 24.644 félagar. Svarhlutfall var 17,42%. Alls voru 5.886 svarendur með barn eða börn á heimili á leik- eða grunnskólaaldri.

### 2.3 Meðhöndlun gagna

Áður en gagnagreining hófst voru gögnin skoðuð með tilliti til hversu vel þau endurspegluðu þýðið og hvort nauðsyn væri á að vigta gögnin eftir þekktum eiginleikum þess með tilliti til kyns og stéttarféлага. Bakgrunnsbreytur voru auk þess skoðaðar út frá aldri, menntun og uppruna.

Gögnin voru vigtuð út frá þekktum eiginleikum út frá kyni úr félagatali heildarsamtakanna tveggja. Dreifing breyta var mjög lík, annarsvegar í vigtuðum og hins vegar í óvigtuðum gögnum.

Niðurstöður voru auk þess greindar vigtaðar og óvigtaðar og hafði vigtunin ekki áhrif á niðurstöðurnar.

Vigtunin var hönnuð sem eftirvigtun (e. post-stratification) í fjórum hópum - skilgreindum af kyni (kona/kvár á móti karl) og félagshópi (BSRB á móti ASÍ). Fyrst var þýðið fyrir vigtun afmarkað þannig að einungis svarendur í BSRB eða ASÍ með gilt kyn fóru í útreikning (ekki „vil ekki svara/annað“). Fyrir hvert félag var reiknað hlutfall hvors kyns, þ.e. fjórir mismunandi hópar sem voru skoðaðir.

Ákveðið var að vigta út frá þessum breytum þar sem kynjahlutföll innan hvors félags eru aðgengileg. Markmið vigtunarinnar var tvíþætt. (i) sannreyna að vigtaðar dreifingar kyns innan hvors félags væru svipuð og í úrtaki, (ii) bera saman helstu lýsandi niðurstöður og lykilniðurstöður í greiningu með og án vigtunar.

Í báðum tilvikum reyndust vigtaðar og óvigtaðar niðurstöður nánast eins; munur var lítilfjörlegur og breytti hvorki stefnumynstri né efnislegri túlkun niðurstaðna. Á grundvelli þessa var ákveðið að nota óvigtað gögn í greiningunni þar sem vigtað gögn geta haft áhrif á marktækni og búið til sambönd sem eru ekki til í úrtakinu. Með óvigtaðum niðurstöðum er gagnsæi og nákvæmni háværkuð, en næmnimat með vigtun er til staðar og gefur sambærilegar niðurstöður.

## 2.4 Mælingar

*Andleg líðan:* Við mat á andlegri líðan var notast við Patient Health Questionnaire (PHQ-9) sem er einfaldur níu spurninga sjálfsmatskvarði sem hefur verið þýddur á íslensku og rannsakaður með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kvarðinn metur einkenni þunglyndis og alvarleika þess (Andri Steinþór Björnsson o.fl., 2018). Spurt var um hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjórgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmings tímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni: 1) Lítil áhugi eða gleði við að gera hluti. 2) Verið niðurdregin/n/ð, dapur/döpur/dapurt eða vonlaus/t. 3) Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina. 4) Þreyta og orkuleysi. 5) Lystarleysi eða ofát. 6) Liðið illa með sjálfa/n/t þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum/sjálfri/sjálfru þér eða fjölskyldu þinni. 7) Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp. 8) Hreyft þig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus/t eða óróleg/ur/t að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega. 9) Hugsað um að það væri betra að þú værir dái/n/ð eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt (Agnes Agnarsdóttir et al., e.d.). Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin

sem slæm andleg heilsa (Kroenke & Spitzer, 2002). Þeir sem sleppa því að svara öllum spurningunum fá brottfallsgildi. Þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki öllum spurningunum finna ekki fyrir þeim einkennum sem þeir merkja ekki við og fá gildið 0 í stað brottfallsgildis. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

*Skortur á efnislegum og félagslegum gæðum:* Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið spurningum sem saman mæla skort á efnislegum og félagslegum gæðum sem Hagstofa Evrópusambandsins notar. Spurningin var nýlega uppfærð ásamt stöðlum á því hvað er skilgreint sem skortur og verulegur skortur (Living conditions in Europe – material deprivation and economic strain, 2024). Skortur á efnislegum og félagslegum gæðum var mældur á sama hátt og Hagstofa Evrópusambandsins gerir, út frá 13 atriðum sem meta annarsvegar skort á heimili og hins vegar einstaklingsbundinn skort. Spurningarnar sem voru lagðar fram höfðu þrjá svarmöguleika: „Já“, „Nei“ og „Vil ekki svara“. Heimilisskortur var mældur út frá eftirfarandi þáttum: hvort hægt væri að mæta óvæntum útgjöldum, hvort heimilið hefði efni á vikulöngu fríi fjarri heimili, hvort hægt væri að greiða reikninga á eindaga (þ.m.t. húsnæðislán/leigu og aðra reikninga), hvort efni væri á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag, hvort hægt væri að sinna nauðsynlegu viðhaldi heimilisins, hvort aðgangur væri að bíl til einkanota og hvort hægt væri að skipta út slitnum húsgögnum. Einstaklingasskortur sneri að því hvort viðkomandi væri með nettengingu, gæti skipt út slitnum fatnaði, ætti tvö pör af skóm sem passa (þar á meðal vatnshelda skó), eyddi smávegis pening í sjálfa/sig á hverri viku, sinnti reglulega tómstundum eða áhugamálum og hitti vini/fjölskyldu að minnsta kosti mánaðarlega.

Í úrvinnslu var gildinu 99 vísað frá sem vöntunargildi (e. *missing*) ef engum lið var svarað. Til að búa til flokkabreytu fyrir mismunandi tegundir af skorti var síðan talið hversu oft fólk merkti við „nei“ og varð því talningin á bilinu 0–13, þar sem hærri gildi gefa til kynna meiri skort. Með þessu er tekinn saman skortur á heimili og einstaklingsskort í samræmi við skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins (Living conditions in Europe – material deprivation and economic strain, 2024).

Til að greina alvarleika skorts í skýrum flokkum var breytan endurkóðuð til að telja hversu marga þætti svarendur skorti. Flokkarnir urðu því sjö. Í fyrsta lagi voru taldir þeir sem merktu við fáa skortliði – eða þá sem merktu við engan, einn þátt, tvo þætti, þrjá þætti eða fjóra þætti. Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins býr einstaklingur við skort sem hefur ekki fimm eða sex þeirra þátta sem spurt var um og var sá hópur því greindur sérstaklega. Þeim sem

skortir sjö þætti búa við verulegan skort samkvæmt skilgreiningu frá Hagstofu Evrópusambandsins (Living conditions in Europe – material deprivation and economic strain, 2024).

## 2.5 Bakgrunnsbreytur

Þær bakgrunnsbreytur sem voru notaðar í skýrslunni voru fjölskyldustaða, kyn og uppruni. Í greiningu gagnanna voru einungis notuð svör þeirra sem eru með börn í leik- og/eða grunnskóla. Til að tryggja samanburðarhæfni og einfalda greiningu voru upprunalegar breytur endurkóðaðar á ákveðinn hátt sem hér er lýst.

### 2.5.1 Barn í leik- og/eða grunnskóla

Spurningin „Átt þú barn í grunnskóla“ bauð upp á þrjú svarmöguleika: (1) já, (2) nei og (3) Vil ekki svara. Spurningin „Átt þú barn í leikskóla“ bauð upp á samskonar svarmöguleika. Við úrvinnslu voru svör sameinuð í tvo flokka (kóðað sem 1=á barn í leik og-/eða grunnskóla og 2= ekki barn í leik og/eða grunnskóla)

### 2.5.2 Kyn

Spurningin „Hvert er kyn þitt?“ bauð upp á fimm svarmöguleika: (1) kona, (2) karl, (3) kvár, (4) annað og (5) vil ekki svara. Við úrvinnslu voru svör sameinuð í þrjú flokka en einungis tveir flokkar notaðir. Í fyrsta lagi voru svör við kona og kvár sameinuð í einn flokk (kóðað sem 1 = „kona/kvár“). Í öðru lagi var svarmöguleikinn karl haldinn aðskilinn (kóðað sem 2 = „karl“). Í þriðja lagi voru svörin annað og vil ekki svara sameinuð í einn flokk (kóðað sem 99 = „vil ekki svara/annað“). Að lokinni kóðun voru þessi svör meðhöndluð sem vöntunargildi (e. missing) og þar með ekki tekin með í greiningu. Lokaniðurstaðan er því tvíkosta breyta sem greinir á milli karla annars vegar og kvenna/kvára hins vegar.

### 2.5.3 Uppruni

Til að greina þátttakendur eftir uppruna var unnið með tvær spurningar úr gagnasafninu. „Hvert er upprunaland foreldra þinna?“ og „Hvert er upprunaland þitt?“. Með því að sameina þessar breytur var búin til ný flokkabreyta sem endurspeglar stöðu fólks með tilliti til fæðingarlands og bakgrunns foreldra. Breytan var flokkuð með eftirfarandi hætti:

*Innfæddir:* Þeir sem eru fæddir á Íslandi og báðir foreldrar eru íslenskir.

*Innflytjandi:* Þeir sem eru fæddir erlendis og báðir foreldrar eru erlendir.

*Með erlendan bakgrunn:* Þeir sem annaðhvort eru fæddir á Íslandi og eiga báða eða annað foreldri sem eru fæddir erlendis, eða eru fæddir erlendis og eiga annað eða báða foreldra sem eru íslenskir.

*Vil ekki svara:* Þeir sem svöruðu „vil ekki svara“ (gildi 99) í annarri eða báðum upprunabreytunum og var því merkt sem vöntunargildi og ekki inni í greiningunni.

#### 2.5.4 Fjölskyldustaða

Til að greina fjölskyldustöðu svarenda var spurningin „Hver er hjúskaparstaða þín?“ notuð. Svarmöguleikarnir voru fimm: (1) Einhleyp/ur/t með barn/börn á heimili, (2) Einhleyp/ur/t, (3) Í sambúð/hjónabandi eða staðfestri sambúð með barn/börn á heimili, (4) Í sambúð/hjónabandi eða staðfestri sambúð og (5) Vil ekki svara. Þau sem svöruðu „vil ekki svara“ (gildi 99) var merkt sem vöntunargildi og er ekki inni í greinungunni.

### 2.6 Úrvinnsla gagna

Í öllum töflum er notast við lýsandi tölfræði fyrir hverja spurningu út frá tilteknum bakgrunnsbreytum. Aðferðafræðin byggir á samanburði milli hópa en til að meta hvort marktækur munur sé á milli hópa er framkvæmt Persons kí-kvaðrat próf ( $\chi^2$ ). Prófið metur hvort tölfræðilega marktækur munur sé á milli hópa. Miðað var við 95% vikmörk. Í framsetningu niðurstaðna er vísað til hefðbundinna marktæknimarka ( $p < 0,05$ ;  $p < 0,01$  eða  $p < 0,001$ ). Í þeim tilfellum þar sem samband reyndist ekki marktækt er tilgreint nákvæmt p-gildi. Þó kí-kvaðrat prófið sýni fram á hvort tengsl sé á milli breyta segir marktæktarprófið ekki til um orsakasamhengi.


### 3 Niðurstöður

Í niðurstöðum er fjallað um helstu mynstur sem fram komu í greiningu gagnanna sem safnað var meðal barnafólks á Íslandi. Ljósi er varpað á helstu atriði niðurstaðnanna og stöðu mismunandi foreldrahópa, það er einhleypra foreldra í samanburði við foreldra í sambúð og eftir uppruna. Í umfjölluninni um niðurstöðurnar er vísað í töflur í viðauka en þar má finna fleiri og ítarlegri upplýsingar um stöðu foreldra innan ASÍ og BSRB.

#### 3.1 Samsetning

Þegar litið er til samsetningu foreldra sem eru í aðildarfélögum ASÍ og BSRB og eiga barn/börn á leikskóla- eða grunnskólaaldri sést að meirihluti er ungt fólk. Fjórir af hverjum tíu foreldrum innan ASÍ og BSRB eru 31-40 ára (42%), einn af hverjum tíu er 30 ára eða yngri (10%) og ríflega þriðjungur 41-50 ára (37%). Sjö af hverjum tíu sem eru með barn eða börn á heimili eru innfæddir (71%) en fjórðungur innflytjendur (25%). Átta af hverjum tíu foreldrum eru í sambúð (81%) og tæplega fimmtungur eru einhleypir með barn (19%). Umtalsvert hærra hlutfall kvenna en karla eru einhleypar með barn (25% á mótí 12%) (tafla 2).

Algengast er að tvö börn séu á heimili (44%) en þrír af hverjum tíu eru með eitt barn (30%) og fimmtungur með þrjú eða fleiri börn (21%) (tafla 1).




Mynd 1. Aldurssamsetning foreldra.

### 3.2 Staða á vinnumarkaði

Mikill meirihluti foreldra eru í launuðu starfi (85%) en mun lægra hlutfall með aðra stöðu á vinnumarkaði. Nokkur munur er á stöðu mæðra og feðra á vinnumarkaði. Hærra hlutfall karla en kvenna eru í launuðu starfi eða sjálfstætt starfandi (93% á móti 84%) en hærra hlutfall kvenna í veikindaleyfi á launum (2% á móti 1%), í námi og vinnu (5% á móti 3%), í


atvinnuleit (2% á móti 1%), á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri (2% á móti 1%) og í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum (4% á móti 1%). Karlar starfa í mun meira mæli en konur hjá einkareknum fyrirtækjum (72% á móti 44%) og eru mun líklegri til að vera í fullu starfi (94% á móti 67%). Fimmtungur mæðra og feðra eru í fleiri en einu starfi (21%) (tafla 3). Einnig er munur á stöðu innfæddra og innflytjenda foreldra sér í lagi þegar litið er til starfshlutfalls en hærra hlutfall innflytjendaforeldra eru í fullu starfi samanborið við innfædda foreldra (83% á móti 79%) (tafla 4). Vinnumarkaðsstaða sambúðarforeldra og einhleypra foreldra er einnig að vissu leyti ólík en einhleypir foreldrar starfa í meira mæli hjá ríki (20% á móti 15%) og sveitarfélögum (25% á móti 17%) og lægra hlutfall þeirra er í fullu starfi (74% á móti 81%). Hins vegar er hærra hlutfall einhleypra foreldra en sambúðarforeldra í fleiri en einu starfi en það á við um meira en fjórðung einhleypra foreldra (26% á móti 19%) (tafla 5).



Mynd 2. Hlutfall mæðra og feðra í fullu starfi.

## Ólíkar ástæður fyrir því að vera í hlutastarfi

Foreldrar í hlutastarfi voru spurðir um helstu ástæður þess. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra hafa ekki kost á hærra starfshlutfalli (23% á móti 15%) en ríflega helmingur innfæddra er í hlutastarfi til að auðvelda samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs (53% á móti 47%) (tafla 7). Nokkuð svipað mynstur sést þegar ástæður þess að vera í hlutastarfi eru skoðaðar hjá einhleypum foreldrum í samanburði við sambúðarfólk. Hærra hlutfall einhleypra foreldra hefur ekki kost á fullu starfi (22% á móti 15%) en hærra hlutfall sambúðarfólks er í lækkuðu starfshlutfalli til að auðvelda sér að samræma fjölskyldu og atvinnulíf (58% á móti 40%) (tafla 8). Mun færri feður eru í hlutastarfi samanborið við mæður en þær eru mun líklegri en feður til að vera í hlutastarfi til að auðvelda samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs (56% á móti 37%) en feður eru líklegri til að hafa ekki kost á hærra starfshlutfalli séu þeir í hlutastarfi (27% á móti 15%) (tafla 6).




Mynd 3. Helsta ástæða þess að vera ekki í fullu starfi eftir hópum.



### 3.3 Staða foreldra á húsnæðismarkaði


Meirihluti foreldra er í eigin húsnæði (69%) en fjórðungur er í leiguhúsnæði (25%). Lang hæst hlutfall þeirra sem eru á leigumarkaði eru á almennum leigumarkaði (20%) en 4% eru í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum og 1% í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda (tafla 12). Staða foreldra á húsnæðismarkaði er mjög ólík eftir hópum. Stærstur hluti sambúðarforeldra með börn eru í eigin húsnæði (73%) og hlutfallið er hærra meðal innfæddra foreldra (80%). Hins vegar er tæplega helmingur einhleypra foreldra í eigin húsnæði (47%) og enn lægra hlutfall innflytjendaforeldra (37%). Að sama skapi er mun hærra hlutfall einhleypra foreldra og innflytjendaforeldra á leigumarkaði (42% og 52%) (töflur 13 og 14).



Mynd 4. Hlutfall foreldra í eigin húsnæði eftir hópum.

### 3.4 Fjárhagsstaða foreldra

Talsverður munur er á heildartekjum barnafjölskyldna eftir kyni, uppruna og fjölskyldustöðu. Hæst er hlutfall einhleypra foreldra sem eru með heildartekjur heimilis sem eru 999 þúsund krónur eða lægri (78%) og sama á við um ögn lægra hlutfall innflytjendaforeldra (71%). Sama á við um helming mæðra (48%), en nokkuð lægra hlutfall sambúðarforeldra (32%), feðra (29%) og innfæddra foreldra (28%) (töflur 9, 10 og 11).



Mynd 5. Heildartekjur heimilis 999 þúsund eða lægri á mánuði eftir hópum.

#### Hærra hlutfall einhleypra foreldra og innflytjenda foreldra eiga erfitt með að ná endum saman

Meirihluti barnafólks nær endum saman (60%) en fjórir af hverjum tíu eiga erfitt með að ná endum saman (40%) (tafla 15). Mikill munur er á hlutfalli þeirra sem eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman eftir hópum. Þannig eru sex af hverjum tíu einhleypum foreldrum sem ná ekki endum saman (60%) og sama á við um meira en helming innflytjendaforeldra (52%). Sama á hins vegar við um þriðjung sambúðarforeldra (33%) en fimmtung barnlausra í sambúð (21%) (töflur 16 og 17).

#### Erfitt að ná endum saman

##### Sambúðarfólk

21%

##### Sambúðarfólk með börn

33%

##### Innflytjendaforeldrar

52%


##### Einhleypir foreldrar

60%

Mynd 6. Hlutfall þeirra sem eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman eftir hópum.

## Sex af hverjum tíu einhleyfum foreldrum getur ekki mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum


Hátt hlutfall einhleypra foreldra og innflytjenda foreldra geta ekki mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Hlutfallið er 59% meðal einhleypra foreldra og 49% meðal innflytjenda foreldra. Sama á við um 35% sambúðarforeldra með börn (tölur 19 og 20).



Mynd 7. Hlutfall þeirra sem geta ekki mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir hópum.

## Helmingur einhleypra foreldra býr við skort eða verulegan skort á félags- og efnislegum gæðum

Í könnuninni var spurt um þrettán þætti sem Hagstofa Evrópusambandsins notar til að mæla efnahagslega og félagslega stöðu fólks (sjá kafla 2.3. þar sem fjallað er ítarlega um mælitækið). Í þáttunum þrettán er spurt um efnislega þætti er varða rekstur heimilis eins og að geta greitt reikninga á eindaga, hafa efni á staðgóðri máltíð annan hvern dag, geta skipt út slitnum húsgögnum o.s.frv. Mælingin nær einnig yfir einstaklingsbundna þætti eins og hvort fólk eigi að minnsta kosti tvö skópör sem passa, hitti vini eða fjölskyldu í drykk eða mat mánaðarlega o.fl. Samkvæmt skilgreiningunni býr fólk sem skortir fimm eða sex þessara þrettán þátta við skort á efnislegum og félagslegum gæðum og ef fólk skortir sjö eða fleiri þætti býr það við verulegan skort.



Mynd 8. Hlutfall þeirra sem búa við skort eða verulegan skort á félags- og efnislegum gæðum eftir hópum.


Niðurstöðurnar sýna að þriðjungur foreldra býr við skort á félags- og efnislegum gæðum (32%) en hlutfallið er 16% hjá barnlausu sambúðarfólki. Hlutfallið er þó mun hærra í ákveðnum hópum. Til að mynda býr helmingur einhleypra foreldra við skort eða verulegan skort á félags- og efnislegum gæðum (50%) og sama á við um 44% innflytjendaforeldra (tölur 21, 22 og 23).

### 3.5 Kostnaður vegna barna

Þriðjungur foreldra á mjög eða frekar erfitt með að standa straum af kostnaði vegna barna sinna (34%) (tafla 24). Hlutfallið er 28% meðal sambúðarfólks með börn og 46% meðal einhleypra foreldra (tafla 25). Sama á við um 43% innflytjenda foreldra (tafla 26).

#### 12% foreldra getur vegna fjárskorts ekki greitt fyrir eins langan vistunartíma í leikskóla og hentar eða leikskólagjöld

Gögnin sem hér eru notuð til greiningar var aflað í spurningakönnun sem var lögð fyrir sumarið 2025 og er það áður en stærsta sveitarfélag landsins, Reykjavíkurborg, breytti gjaldskrá sinni í leikskólum. Þrátt fyrir það er meira en einn af hverjum tíu foreldrum sem getur ekki greitt fyrir eins langan tíma í leikskóla og hentar eða leikskólagjöld (12%). Hlutfallið er mun hærra meðal einhleypra foreldra en fimmtungur þeirra getur ekki greitt fyrir eins langan vistunartíma í leikskóla og hentar (21%) og hlutfallið er nánast það sama meðal innflytjendaforeldra (20%) (töflur 28 og 29).



Mynd 9. Hlutfall foreldra sem geta ekki greitt fyrir eins langan vistunartíma barna sinna í leikskóla eins og hentar eða leikskólagjöld eftir hópum.

#### Fjórðungur innflytjendaforeldra og einhleypra foreldra getur ekki greitt kostnað vegna frístundar

Á heildina litið eru 15% foreldra sem geta ekki, vegna fjárskorts, greitt fyrir frístund. Hlutfallið er umtalsvert hærra meðal innflytjenda en það á við um fjórðung þeirra (25%) og hlutfallið er það sama meðal einhleypra foreldra (25%) (töflur 27, 28 og 29).

Samskonar mynstur sést þegar litið er til annarra þátta sem tengjast skóla og frístundum. Til að mynda er fjórðungur foreldra sem getur sökum fjárskorts ekki greitt kostnað vegna sumarnámskeiða (24%), 14% geta ekki greitt kostnað vegna skólaferðalaga eða annarra viðburða tengdum skóla. Aftur er þetta mun algegnara meðal einhleypra foreldra og innflytjendaforeldra en á þó einnig við um sambúðarfólk með börn. Þannig er til að mynda fimmtungur sambúðarforeldra


sem getur ekki greitt kostnað vegna sumarnámskeiða (21%) og einn af hverjum tíu getur ekki greitt kostnað vegna skólaferðalags eða annarra viðburða tengdu skólasterfi (11%). Mun hærra hlutfall einhleypra foreldra og innflytjendaforeldra geta ekki greitt kostnað vegna sumarnámskeiða (40% og 36%) og sama á við skólaferðalög og aðra viðburði tengdu skólasterfi (27% og 26%) (töflur 27, 28 og 29).

### Fjórðungur foreldra getur ekki greitt kostnað vegna skipulagðra tómsunda

Tæplega fjórðungur foreldra getur vegna fjárskorts ekki greitt kostnað við skipulagðar tómsundir barna sinna (24%). Hlutfallið er mjög ólíkt eftir hópum og er hæst meðal einhleypra foreldra. 40% einhleypra foreldra geta ekki staðið straum af slíkum kostnaði og sama á við um ögn lægra hlutfall innflytjendaforeldra (36%) (töflur 27, 28 og 29).

Í könnuninni voru foreldrar einnig spurðir hversu auðvelt eða erfitt væri fyrr þá að mæta þörfum barna sinna út frá félagslegu samhengi barnanna. Niðurstöðurnar sýna að fjórðungur foreldra á frekar eða mjög erfitt með að mæta slíkum þörfum barnanna (27%) og hlutfallið er hærra meðal einhleypra foreldra (46%) og innflytjendaforeldra (36%) (töflur 30,31 og 32).

**Geta ekki greitt kostnað vegna skipulagðra tómsunda**



Mynd 10. Hlutfall foreldra sem getur ekki greitt kostnað vegna skipulagðra tómsunda eftir hópum.

### 3.6 Þjónusta sveitarfélaga

Í könnuninni voru foreldrar með börn á grunnskólaaldri spurð hvort að barnið þeirra hefði byrjað í frístund á sama tíma og skólaárið hófst. Meirihluti foreldra er ekki með barn sitt í frístund (54%) enda er frístund einungis starfrækt fyrir börn í fyrsta til fjórða bekk. Þegar litið er til þeirra foreldra sem eru með börn í frístund sést að mikill meirihluti þeirra fengu pláss í frístund á sama tíma og skólaárið hófst eða ríflega átta af hverjum tíu (81%). Ríflega einn af hverjum tíu foreldrum fengu pláss fyrir börnin sín í frístund í september (12%) en 4% í október og 3% í nóvember eða seinna (tafla 33).

**Barn byrjaði í frístund á sama tíma og skólaárið hófst**



Mynd 11. Hlutfall þeirra sem nota frístund og barnið byrjaði í frístund á sama tíma og skólaárið hófst.

Foreldrar grunnskólabarna voru auk þess spurð hvort að barn þeirra hefði verið sent heim úr frístund vegna mannekle. Þegar litið er til þeirra sem voru með barn í frístund sést að tæplega sex af hverjum tíu höfðu ekki reynslu af því að börn þeirra væru send heim vegna mannekle (57%) en tæplega fimmtungur hafði sjaldan reynslu af því (18%) og 15% höfðu nokkrum sinnum orðið fyrir því. 9% foreldra sögðu að barnið hefði oft verið sent heim vegna mannekle í frístund á síðastliðnum 12 mánuðum (tafla 34).

Foreldrar barna í leikskóla voru spurðir hvort börn þeirra höfðu verið send heim úr leikskóla vegna mannekle á síðastliðnum 12 mánuðum. Helmingur foreldra sagði að barn þeirra hefði aldrei verið sent heim á tímabilinu (52%) og fimmtungur að það hefði sjaldan gerst (21%). 16% foreldra leikskólabarna sagði að barn þeirra hafði nokkrum sinnum verið sent heim vegna mannekle og 11% oft (tafla 35).

**Barn sent heim vegna mannekle oft eða nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum**




Mynd 12. Hlutfall foreldra sem segja að börnin þeirra hafi verið send nokkrum sinnum eða oft heim vegna mannekle á síðastliðnum 12 mánuðum.

## **Þriðjungur foreldra er mjög eða frekar ánægður með þjónustu sveitarfélagsins**

